



HAFNARFJÖRÐUR

Hafnarfirði, 30. nóvember 2018
1711050 GþG

Efni: Traðarberg 7, svar skipulagsfulltrúa vegna athugasemda er varðar lóðarstækkun.

Þann 3.11.2017 sækir Stellar ehf. um lóðarstækkun við Traðarberg 7. Erindið fór fyrir fund Bæjarráðs þann 20. apríl 2018.. Afgreiðsla þess var: *Bæjarráð telur að fram skuli fara grenndarkynning og felur umhverfis- og skipulagsþjónustu að vinna áfram að málinu.*

Erindið var grenndarkynnt aðliggjandi lóðarhöfum við Traðarberg 7, og við þann landskika sem óskað var eftir, frá 11.10.- 8.11.2018. Athugasemdir bárust frá íbúa og eiganda við Háaberg 7 með tölvupósti dags. 6.11.2018.

Í því erindi kemur fram að hann ásamt núverandi og fyrri eiganda við Traðarberg 7 hafi haft umrætt land í fóstri. Hann hafi ásamt fyrri eiganda Traðarbergs 7 óskað eftir stækkun lóðar sinnar við Háaberg inn á umræddan skika. Þeirri ósk hafi verið hafnað.

Nú er óskað eftir jöfnum möguleika til stækkunar inn á bæjarlandið. Í sama erindi er óskað eftir að Hafnarfjarðarbær merki nákvæm lóðarmörk þeirra lóða sem liggja upp að bæjarlandinu. En aðgengi að landskikanum er takmarkað.

Í ljósi ofangreindra er mælt til að núverandi umsókn um stækkun lóðar verði endurskoðuð með þeim hætti að eigendur við Háaberg og Traðarberg 7 fái hluta af landinu til stækkunar. Skikinn verði mældur og í framhaldi af því verði skilað inn nýrri umsókn um lóðarstækkun þar sem báðir aðilar fá sinn hlut hvor.

Með því móti verður fyllsta jafnfræðis gætt.

F.h. skipulagsfulltrúa.
Virðingarfyllt,

Gunnþóra Guðmundsdóttir
arkitekt